

Rammi fyrir framkvæmd Listasumars og Akureyrarvöku árið 2017

Listasumar er dagskrá lista- og menningarviðburða frá Jónsmessuhátíð til Akureyrarvöku.

(Á ensku „The Akureyri Summer Art Program“)

Lögð verði megináhersla á fernt:

- a) Jónsmessuhátíð, sólarhrings löng hátíð með fjölbreyttum viðburðum og lengri opnunartímum í menningarstofnunum, Sundlauginni og öðrum sem áhuga hafa. Stefnt að endurvakningu hátíðar fyrir fjölskylduna í Kjarnaskógi. Sérstakir styrkir verði veittir vegna viðburða á Jónsmessuhátíð. Sérstök áhersla á myndlist utandyra í Listagili.
- b) Fjölbreyttar listasmiðjur sem fram fari í aðdraganda Akureyrarvöku í ágúst. Gert ráð fyrir að smiðjurnar standi undir sér með hóflegum þátttökugjöldum en þó verði tryggð fyrirfram grunnþóknun til leiðbeinenda á þeim smiðjum sem fyrir valinu verða. Kynning, skráning og annað utanumhald fari fram miðlægt.
- c) Menningarviðburði í júlí undir merkjum Listasumars – mögulegt verður að sækja um styrki til viðburða á þessum tíma.
- d) Akureyrarvöku með hefðbundnu sniði.

Sumardagskráin almennt: Skipuleggjendum listviðburða á tímabilinu frá Jónsmessu til Akureyrarvöku verði frjálst að merkja sína viðburði með merki Listasumars á Akureyri, þeir viðburðir verði sérstaklega teknir saman í viðburðadagatali á www.visitakureyri.is. Viðburðadagatalið sérstaklega auglýst jafnt og þétt og vikulega sendir út póstar og tilkynningar um viðburði sem fram fara. Skoðað verði að gefa út auglýsingaform með útliti Listasumars sem skipuleggjendur viðburða geta nálgast og sett sínar auglýsingar inn í ef áhugi er fyrir því. Valið verði „myllumerki“ (e. hashtag) fyrir Listasumar til notkunar á Facebook og Instagram.

Auglýst verður eftir verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið sem heild tímabundið en með möguleika á að taka það að sér næstu 2 ár á eftir. Verkefnið fer fram í samstarfi Akureyrarstofu og Listasafnsins og stýrihópur sem vinnur með verkefnisstjóranum verður skipaður tveimur fulltrúum Akureyrarstofu og einum fulltrúa Listasafnsins. Til greina kemur að fleiri menningarstofnanir verði formlegir samstarfsaðilar. Bókanir reikninga og eftirlit með kostnaði fer fram á Akureyrarstofu.

Samþykkt í stjórn Akureyrarstofu þann 16. febrúar 2017